



Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka Hvaða hópar leita aðstoðar?

Kynning fyrir Velferðarvakt

12. janúar 2021

Ásdís A. Arnalds





Markmið úttektar

- Leita svara við því hvers konar aðstoð er veitt
- Kanna hvaða hópar leita til hjálparsamtaka
- Kanna sýn félagsráðgjafa á aðstoðina og leggja mat á hvernig hægt væri að styðja betur við fólk sem býr við sárafátækt





Aðferðir og gögn

- Hálfopinn spurningalisti til forsvarskvenna hjálparsamtaka
- Fyrirliggjandi gögn frá hjálparsamtökum
- Spurningakönnun meðal notenda
- Eigindleg viðtöl við fimm félagsráðgjafa





Aðstoð hjálparsamtaka og nýting



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍNDASTOFNUN




Hvers konar aðstoð er veitt?

	Fjölskylduhjálp	Hjálparstarf kirkjunnar	Hjálpræðis-herinn	Mæðrastyks-nefnd Akureyrar	Mæðrastyks-nefnd Akraness	Mæðrastyks-nefnd Kópavogs	Mæðrastyks-nefnd Hafnafjarðar	Mæðrastyks-nefnd Reykjavíkur
Úthlutun á matvöru	x		x					x
Heitur matur eða súpa			x					
Úthlutun á fatnaði	x	x	x			x		x
Inneignarkort	x	x	x	x	x	x	x	x
Lyf (styrkur fyrir lyfjum)	x	x	x					
Styrkur til tómstunda barna		x		x				x
Félagsleg ráðgjöf		x		x				






Fjöldi þeirra sem nýtir aðstoð






Hve oft er aðstoð nýtt? – Svör notenda

- Um það bil í hverjum mánuði
- Í fjögur til níu skipti
- Í tvö til þrjú skipti
- Þetta er í eina skiptið á undangengnum 12 mánuðum





Nýtt aðstoð fleiri en einna hjálparsamtaka á sl. 12 mánuðum – Svör notenda






Samsetning hópsins



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍNDASTOFNUN



Samsetning hópsins eftir kyni – svör notenda




$\chi^2(4)=16.605, p<0.01$






Aldurssamsetning – svör notenda





Uppruni – svör notenda




$\chi^2(12)=80,490, p<0,001$





Með barn á heimili – svör notenda




$\chi^2(8)=42,053, p<0,001$






Hvaðan fá þau tekjur til að framfleyta sér? – svör notenda





Ráðstöfunartekjur heimilis – svör notenda






Viðhorf og reynsla notenda



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍNDASTOFNUN



Þurft að bíða í biðröð – svör notenda




$\chi^2(8)=49,762, p<0,001$






Hvort vilja bau frekar fá mat eða inneignarkort? – svör notenda





Ánægja með viðmót þeirra sem sinna úthlutun – svör notenda





Er eitthvað sem bú vilt koma á framfæri? – svör notenda

- Þakkir fyrir þá þjónustu sem hjálparsamtökin veita
- Athugasemdir um hvernig væri hægt að bæta aðstoðina:
 - Inneignarkort í stað úthlutunar á mat
 - Erfitt að standa utandyra í röð, betra að úthluta komutíma
 - Úthlutanir mættu vera á „minna opinberum stað“





Sýn félagsráðgjafa



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍNDASTOFNUN



Fátaekt fólk

Við [hjá bjónustumiðstöðvunum] erum ekki að sjá hópinn sem ég held að sé orðinn fátækur í dag. Það er þessi hópur sem er í lægst launuðu störfunum og er að svona að detta á pari við örorkuna ef þú bætir við börnunum, og sérstaklega kannski hjón sem bæði eru á lægstu launum, því þá njóta þau ekki neins afsláttar, eru ekki að fá neina niðurgreiðslu með börnum eða neitt slíkt. Og það er sá hópur sem við getum ekki aðstoðað fjárhagslega séð. Þau eru rétt yfir mörkunum okkar.





Hjálparsamtök og velferðaþjóðfélags

Við búum í velferðarríki og kerfið á að grípa alla

*Það er auðvitað skylda sveitarfélagsins að
framfæra þá sem eru í neyð. En upphæðirnar
bara duga ekki*





Hjálparsamtök og velferðaþjóðfélag

Upphæðirnar sem við erum að greiða fólki eru náttúrlega bara mjög lágar. Ef þú ert að leigja herbergi og ert einstaklingur, þá er heildarfjárhæðin sem þú færð frá sveitarfélaginiu Reykjavík 175 þúsund og svo er dreginn af þér skattur. Þannig að þú ert að fá 168 þúsund í vasann. Og það segir sig sjálft að ef þú ert að borga 90 þúsund í herbergi og átt að lifa af rest, þá ertu mjög fljótt búinn með peninginn [...] um miðjan mánuð og þá [segjum við] stundum fólki [...] frá hjálparsamtökunum





Hjálparsamtök

*Í dag felur kerfið sjálf t í sér niðurbrot fyrir fólk
sem leitar á náðir hjálparsamtaka eða a.m.k.
formið á þeim er úreilt fyrirbrigði. Þyrfti að breyta
aðferðafræðinni, má vera grásrótarstarf ennþá,
en bara formið brýtur fólk niður, þetta, að
standa í röð*





COVID-19

Nú eru þeir mikið að ílengjast hjá okkur, út af t.d. COVID, það er erfitt að komast að hjá læknum, við erum kannski að hjálpa fólki að fá tíma [vegna örorkumats], og þeir hringja ekki til baka. [...] fólk er að ílengjast svolítið, af því það er svolítill hægagangur í þjóðféluginu bara. Óg svona allajafna er maður mikið að reyna að koma þeim í einhvers konar virkni, [...] en mikill tími hjá mér í dag fer svolítið að koma fólki bara í gegn, af því það er svo mikill hægagangur og stofnanir eru oft lokaðar eða það er erfitt að ná í gegnum síma.





Samantekt

- Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðra-styrksnefndir bjóða margbætta aðstoð til fátæks fólks. Nokkur munur er á hvers konar aðstoð er veitt eftir því hvaða hjálparsamtök um ræðir.
- Til hjálparsamtaka leitar breiður hópur fátæks fólks á Íslandi. Stærsti hópurinn er fólk sem framfleytir sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, atvinnuleysisbótum eða örorkubótum. Fólk af erlendum uppruna er stór hópur og konur eru í meirihluta.
- Frásagnir félagsráðgjafa veita innsýn í stöðu þeirra sem framfleyta sér með fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Hópinn skipar fólk sem hefur lent á milli kerfa og á hvorki rétt á atvinnuleysisbótum né örorku- eða endurhæfingarlífeyri





Samantekt, frh.

- Viðtöl við félagsráðgjafa veita innsýn í hvaða úrræði þarfnað endurskoðunar. Bent var á að endurmeta þyrfti forsendur sérstaks húsnæðisstuðnings og úrræði fyrir fólk sem bíður örorkumats og styðja betur við fólk af erlendum uppruna og fólk með fjölbættan vanda.
- Aukning hefur verið á aðstoðarbeiðnum til hjálparsamtaka og félagsþjónustunnar á tímum COVID-19.
- Fólk er almennt ánægt með viðmót þeirra sem veita aðstoð en þó er ýmislegt sem betur mætti fara. Stór hluti þeirra sem hafði sótt aðstoð hjá Mæðrastyksnefnd Reykjavíkur og Fjölskylduhjálp Íslands hafði lent í því að bíða í biðröð utandyra. Þegar spurt var hvort fólk vildi heldur fá úthlutað mat eða inneignarkorti kom í ljós að inneignarkort hugnaðist flestum betur.





Takk fyrir áheyrnina

